

ÞINGSTAÐUR OG DÓMSTAÐUR

Persónur: Pular, Óðinn, Loki, Frigg, Freyja, Sigyn, Freyr, Urður, Skuld, Verðandi

- Pular:** Það var glæsileg fylking sem safnaðist saman framan við Valhöll að morgni. Og enn hafði bæst í hópinn. Ungur, afar fríður maður var mættur og leiddi konu sér við hönd. Hann gekk rakleitt til Óðins.
- Loki:** Loki heiti ég, Laufeyjarson, og þetta er Sigyn, konan mín. Við höfum áhuga á að setjast hér að. Ég hef heyrt mikið látið af snilld þinni og sjálfur kann ég ýmislegt fyrir mér svo að þið tapið ekki á að fá okkur í byggðina.
- Óðinn:** Verið þið velkomin í Ásgarð. Ef þú ert jafn klár og þú þykist vera skaltu ganga með okkur á völlinn græna hér í Ásgarði miðjum. Ég kys að nefna hann Iðavöll og þar ætlum við að reisa okkur hof.
- Loki:** Ekki skal standa á mér.
- Pular:** Þau unnu sleitulaust að byggingunni sem tók ótrúlega skamman tíma enda var einstakur hópum vaskra manna og kvenna að verki. Og Loki sannaði sig með því að vinna eins og berserkur. Hofið var gulli slegið að utan og innan og í því miðju var hásæti Óðins en umhverfis það tólf önnur sæti. Fólkið var óneitanlega fegið að tylla sér og kasta mæðinni þegar smíðinni var lokið. Óðinn stóð einn og virti hofið fyrir sér. Svo leit hann yfir hópinn.
- Óðinn:** Þetta hús nefni ég Glæðsheim enda vænti ég að hér verði oft glatt á hjalla þegar við Æsir sitjum saman á þingi og ráðum ráðum okkar.
- Frigg:** Æsir! Hvað með okkur Ásynjurnar? Við erum ekki síður liðtækar í þeim efnum en þið og auk þess hjálpuðum við til að reisa hofið.

- Óðinn:** Stilltu þig, kona, ég var ekki kominn svo langt. Nú legg ég til að við byggjum hörg þar sem ásynjurnar halda sína fundi. Þær eru hvort sem er svo sjálfstæðar, vilja alltaf vera út af fyrir sig.
- Pulur:** Æsir ruku til, þeim var greinilega mikið í mun að hafa ásynjurnar góðar og tryggja að þær færu ekki að skipta sér af störfum þeirra sjálfra. Þarna risu myndarleg salarkynni en ekki voru þau eins skrautleg og Glaðsheimar því að gullið var búið í bili.
- Freyja:** Hvað eigum við að kalla salin okkar?
- Óðinn:** Mér finnst . . .
- Frigg:** (lítur hvasst á hann): Þetta er okkar salur.
- Pulur:** Æsir góndu niður á tærnar, þeir þorðu ekki að líta til Óðins, hann hlaut að vera ær af reiði. Svona hefði enginn þeirra vogað sér að tala til hans. En Óðinn tók þessu öllu með ró.
- Óðinn:** Hafðu það eins og þú vilt, góða.
- Sigyn:** Hvernig væri að nefna salinn Vingólf, hér munu aðeins vinir ganga um gólf.
- Allir:** Já, það er fínt nafn, passar alveg.
- Óðinn:** Ég hefði ekki getað fundið betra nafn sjálfur.
- Pulur:** Nú upphófust mikil veisluhöld og var borðað og drukkið lengi dags. Að vísu borðaði Óðinn ekkert, hann bara drakk. Þegar á leið kvaddi hann sér hljóðs.
- Óðinn:** Nú höfum við komið okkur upp verðugum þingstað. En þá er eftir að finna dómsstaðinn.
- Freyr:** Dómsstaðinn? Þeir sperrtu eyrun.
- Óðinn:** Staðinn þar sem við fellum dóma okkar, hann er heilagur og ég get hugsað mér að hann verði nær krónu asksins. Reyndar hef ég ákveðinn stað í huga og nú skal ég sýna ykkur hann.

Pulur: Þeir risu upp, misjafnlega stöðugir á fótum af því að sumir höfðu drukkið meira af víninu en aðrir. Óðinn sem hafði hesthúsað mest var þó beinn og keikur eins og hann hefði ekki bragðað dropa og skálmaði í fararbroddi. Þeir þrömmuðu upp Bifröst og ferðin tók sinn tíma, enda brúin löng. Einn af þeim nýju sem Hæfir hét var orðinn blár af mæði loksins þegar þeir komu að Urðarbrunni. Þar stansaði Óðinn. Skapanornirnar þrjár birtust óðara. Ýmsir ásanna ráku upp stór augu þegar þeir sáu þessar svipmiklu konur.

Urður: Hvað er ykkur á höndum?

Óðinn: Við leitum að hæfum stað til að fella dóma okkar og ég hef ekki séð neinn sem finnst verðugri en þessi hér.

Skuld: Ég get ekki sagt að mér finnist spennandi tilhugsun að hafa þetta karlastóð í kringum mig daglega.

Verðandi: Þetta eru nú engir venjulegir karlar, þeir eru goð. Ef þeir láta vatnið í friði og ganga vel um ætti það að vera í lagi.

Urður: Hvers konar dóma fellið þið?

Óðinn: Þeir snerta allt milli himins og jarðar, ekki síst örlög manna.

Verðandi: Þá getur verið gagnlegt að hafa ykkur hér. Við gætum miðlað upplýsingum hvert til annars.

Urður: Ég er sammála.

Skuld: Jæja þá, úr því að þið endilega viljið.

Óðinn: Þakka ykkur fyrir. Nú bið ég æsi að fá sér sæti. Hér verður enginn salur reistur, við sitjum úti í blíðunni og dæmum dóma okkar undir gjöfulli krónu Asksins Yggdrasils.

Loki: Það ætti ekki að væsa um okkur hjá þessum glæsilegu konum.